


Laxá í Leirársveit
Rannsóknir ~~1997~~

1998

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, apríl VMST-V/99006



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Vesturlandsdeild

Efnisyfirlit

	Bls
Inngangur	1
Framkvæmd	1
Niðurstöður og umræður	1
Hitafar	1
Seiðabúskapur	2
Laxveiðin	4
Fisirækt	4
Heimildaskrá	4

Inngangur

Í þessari skýrslu er gefið árlegt yfirlit um framvindu rannsókna í Laxá í Leirársveit. Sambærilegar rannsóknir hafa farið fram frá árinu 1993 (Sigurður Már Einarsson 1993, 1994, 1996, 1997 og 1998), en áður höfðu frumathuganir á fiskstofnum farið fram (Sigurður Már Einarsson 1992). Markmið rannsókna eru sem fyrr vöktun á seiðabúskap á vatnasvæðinu, fylgst er með hitafari, árlegar talningar gerðar á fiskgengd um Eyrarfoss auk þess sem ráðgjöf er veitt um fiskræktarframkvæmdir.

Framkvæmd

Við framkvæmd rannsókna er leitast við að nota sömu aðferðafræði milli ára til að samanburður verði sem raunhæfastur. Hitamælingar fóru fram í fiskveginum við Eyrarfoss að venju, en vegna mistaka féll skráning í júnímánuði niður. Mælingar fóru fram frá júlí til september. Haustið 1998 voru rafveiddar tíu stöðvar, allt á fiskgengum hlutum árinna, dagama 13 – 17. ágúst (1. mynd). Á hverri stöð var veitt einu sinni á mældu flatarmáli, allir aflí tegundagreindur og lengdarmældur, hluti aflans var jafnframt vigtaður. Á hverri stöð voru tekin sýni af hreistri og kvörnum til aldursákvarðana.

Í samræmi við áætlanir var sleppt um 15.000 sjógönguseiðum í sleppitjörn við Eyrarfoss. Sleppitjörnin var endurbyggð að hluta og hliðar tjarnarinnar klæddar með túnþökum. Þá var komið fyrir vatnshæðarstýringu og munk við útfall tjarnarinnar. Auk þess var net breitt yfir alla tjörnina til að koma í veg fyrir ágang fugla. Um 10.000 seiði voru merkt með örmerkjum til að kanna árangur af sleppingunni.

Niðurstöður og Umræður.

Hitafar

Á árinu 1998 var hitafar árinna svipað og árið 1997. Meðalhiti júlímánaðar var 11,7 °C og hefur aðeins einu sinni áður mælst vatnshiti í júlímánuði (tafla 1). Ágúst mánuður var frá hlýjasti frá upphafi mælingar, en meðalhiti septembermánaðar var í meðallagi (tafla 1). Mælingar á vatnshita í ánni er mikilvægur þáttur

upplýsingasöfnunar um lífríki Laxár, og verða upplýsingarnar um hitafar verðmætari með hverju árinu sem við bætist í gagnagrunninn.

Tafla 1: Meðalvatnshiti (°C) hvers mánaðar, ásamt hæsta og lágsta hitagildi hvers mánaðar frá júlí til september 1994 – 1998. Mælingarnar eru framkvæmdar við Eyrarfoss.

Ár	Júní			Júlí			Ágúst			September		
	Mt	Max	Min	Mt	Max	Min	Mt	Max	Min	Mt	Max	Min
1994	7,99	12,2	4,0	11,49	16,3	8,1	11,30	15,6	7,2	7,02	11,2	3,1
1995	8,34	12,7	6,0	10,02	15,1	6,4	10,00	12,7	8,1	8,02	11,5	3,8
1996	9,39	14,5	4,1	11,41	15,9	8,3	10,24	15,5	5,7	9,37	11,1	6,5
1997	9,70	14,3	6,2	11,97	16,3	7,2	10,96	15,2	6,8	7,19	12,4	2,7
1998				11,67	16,9	7,6	11,69	15,3	8,9	7,77	13,1	2,5

Seiðabúskapur

Í seiðarannsóknnum fundust laxaseiði, urriði og bleikja (tafla 2). Þéttleiki laxaseiði var mestur á öllum veiðistöðum utan Þverár og Skarðsár, en þar hafði urriði yfirhöndina. Bleikja kom fyrir á nokkrum stöðum, en þéttleiki bleikju var alls staðar lítill.

Tafla 2: Þéttleiki laxfiskaseiða á 100 m² á veiðistöðum í vatnakerfi Laxár í Leirársveit 13 – 17 ágúst 1998.

Veiðistaður	Svæði m ²	Lax					Urriði	Bleikja
		0+	1+	2+	3+	Alls		
Draghalsá (1)	256	5,1	24,6	8,2	2,0	39,9	14,8	0,0
Kúvallará (1)	240	17,9	10,4	2,5	0,0	30,8	3,3	1,7
Þverá (1)	210	3,3	1,0			4,3	7,6	1,9
Glammasá (1)	220		2,3	5,5	5,0	12,8	0,9	1,8
Glammasá (2)	238	8,0	12,6	1,3		21,9	9,7	0,4
Eyrarvatn (1)	110	6,4	8,2	0,9		15,5	0,0	0,0
Laxá (1)	432	18,9	14,4	4,9	0,2	37,5	4,6	0,0
Laxá (2)	216	0,0	37,5	34,7	9,7	81,9	0,5	0,9
Laxá (3)	720	2,8	2,4	0,8		6,0	1,4	0,0
Skarðsá (1)	175	0,0	13,7	5,7	2,9	22,3	24,0	0,0

Í seiðarannsóknnum veiddust allt frá vorgömlum seiðum til seiða á fjórða ári. Þéttleiki seiðanna var sem fyrr misjafn á milli stöðva og var vísitala þéttleika laxaseiða allt frá 4,3 – 81,9 seiði/100 m². Þéttleiki laxaseiða var almennt nokkuð minni en á árinu 1997, og á það sérstaklega við seiðapéttleikann í Þverá, þar sem óvenjulega lítið fannst af seiðum. Mismunur á seiðapéttleika skýrist af mismunandi gæðum búsvæða, frjósemi og hitafari.

Lengdardreifing laxaseiða var á bilinu 3 – 12 cm (2. mynd). Vöxtur laxaseiðanna var á heildina svipaður og á árinu 1997 (Sigurður Már Einarsson 1998), enda litlar breytingar á ytri skilyrðum á milli ára.

Tafla 3: Meðallengd (cm) laxaseiða í Laxá í Leirársveit. skipt eftir aldri og veiðistöðum 13 – 17. ágúst 1998.

Veiðistaðir	0+		1+		2+		3+	
	MI	n	MI	n	MI	n	MI	n
Draghálsá (1)	3.7	13	5.9	63	7.7	21	9.4	5
Þverá (1)	3.9	7	5.9	2				
Kúvallará (1)	3.8	43	6.6	25	9.4	6		
Glammas (1)			6.0	5	8.0	12	10.4	11
Glammas (2)	4.1	19	6.3	20	8.6	3		
Eyrarvatn (1)	4.8	7	6.9	9	9.3	1		
Laxá (1)	4.7	82	7.9	62	10.2	21	14.3	1
Laxá (2)			6.4	91	8.1	91	10.0	21
Laxá (3)	4.2	20	6.2	17	8.6	6		
Skarðsá (1)			5.7	24	8.6	10	11.9	5

Vísitala lífþyngdar laxaseiða á veiðistöðum, var á bilinu 5,1 – 414,9 g/100 m² (tafla 4) Hæsta lífþyngdin var á efsta hluta Laxár (Laxá 1 og Laxá 2), en þar gætir útfallaáhrifa úr Eyrarvatni, sem veldur því að fæðuframboð fyrir seiði er mun meira en annars staðar á vatnasvæðinu (Sigurður Már Einarsson 1998) utan Þverár og Selóss, þar sem sviðuð skilyrði eru fyrir hendi.

Tafla 4. Lífþyngd laxaseiða (gr/100 m²) í Laxá 13 – 17. ágúst 1998.

Veiðistaður	Svæði m ²	Vísitala lífþyngdar (gr/100 m ²)				
		0+	1+	2+	3+	Alls
Draghálsá (1)	256	2,6	54,1	41,0	18,6	116,3
Kúvallará (1)	240	10,7	22,9	23,3		56,9
Þverá (1)	210	2,0	3,1			5,1
Glammas (1)	220		5,3	30,8	63,5	99,6
Glammas (2)	238	5,6	34,0	9,1		48,7
Eyrarvatn (1)	110	7,0	28,7	8,1		43,8
Laxá (1)	432	20,8	77,8	58,3	6,8	163,7
Laxá (2)	216		105,0	201,3	108,6	414,9
Laxá (3)	720	2,2	6,0	5,6		13,8
Skarðsá (1)	175		27,4	39,9	56,0	123,3

Laxveiðin

Sumarið 1998 veiddust 816 laxar í Laxá í Leirársveit (3. mynd), en á árinu 1997 veiddust 697 laxar. Um 17 % aukning varð þannig á veiðinni á milli ára. Auk þess veiddust 47 laxar á efsta svæðinu, þar af 7 laxar í vötnunum og 40 í Selós og Þverá. Í heild veiddust því 863 laxar á vatnasvæðinu. Veiðin í Laxá skiptist þannig að smálaxar voru 773 og stórlaxar 43.

Margt bendir til að laxveiðin fari nú vaxandi á ný. Seiðaframleiðslan á vatnasvæðinu hefur aukist á undanförunum árum og skilyrðin í sjónum virðast hagstæðari en oft áður. Þá er hugsanlegt að uppkaup netaveiða í sjó í Hvalfirði muni hafa jákvæð áhrif á veiðina. Á árinu 1999, er einnig von á endurheimtum úr sleppingu 15.000 sjógönguseiða, en góðar endurheimtur úr þeirri sleppingu gætu umtalsvert aukið laxveiðina.

Fiskrækt

Á árinu 1999 er von á endurheimtum sleppinga sjógönguseiða vorið 1998, en um 2/3 seiðanna voru merktir. Miklu skiptir að leit að merkjum verði skipulögð á vegum veiðifélagsins, þannig allir veiddir laxar verði athugaðir m.t.t. merkinga.

Heimildaskrá

Sigurður Már Einarsson 1993. Laxá í Leirársveit. Fiskirannsóknir 1986-1992. Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST-V/93007X. 17 bls.


Sigurður Már Einarsson 1994. Laxá í Leirársveit. Fiskirannsóknir 1993. Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST-V/94007X. 15 bls.

Sigurður Már Einarsson 1995. Fiskirannsóknir 1994. Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST-V/96003X. 8 bls.











Sigurður Már Einarsson 1996. Laxá í Leirársveit. Fiskirannsóknir 1995. Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST-V/96003X. 16 bls.

Sigurður Már Einarsson 1997. Laxá í Leirársveit. Fiskirannsóknir 1996. Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST-V/97004X. 21. bls.


Sigurður Már Einarsson 1998. Laxá í Leirársveit. Fiskirannsóknir 1997. Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST-V/98006. 15. bls.



1. mynd. Kort af vatnasvæði Laxar í Leirarsveit.



2. mynd. Lengdardreifing og aldur laxaseiða á veiðistöðum í Laxá. Fjöldi laxaseiða á hverju 0,5 cm lengdarbili er umreiknaður á 100 m².



3. mynd. Laxveiði í Laxá 1974 – 1998.